



Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps - 619

FUNDARBOÐ

**619. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps
verður haldinn Strandgötu 38, þriðjudaginn 26. september 2023 og hefst
kl. 17:00.**

Dagskrá:

Almenn mál

1. 2308091 - Fjárhagsáætlun 2024-2027

Á fundinum verða lögð fram drög að verkáætlun og forendum vegna vinnu við fjárhagsáætlun 2024-2027.

2. 2308039 - Dunhagi, framlenging á þaki

Tillaga skipulagsnefndar Tálknafjarðarhrepps við sveitarstjórn að áform um að lengja þak á húsinu Dunhaga verði grenndarkynnt og fái málsmeðferð skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál frá 10. fundi umhverfis- og byggingarnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 16.08.2023 og 12. fundi skipulagsnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 19.09.2023.

3. 2309080 - Lóð Tálknafjarðarskóla

Tillaga skipulagsnefndar Tálknafjarðarhrepps til sveitarstjórnar um að farið verði í hönnun skólalóðar sem fyrst samkvæmt þeim hugmyndum sem kynntar hafa verið af börnum og starfsmönnum skólans.

Mál frá 12. fundi skipulagsnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 19.09.2023.

4. 2309037 - Áheyrnarfulltrúi nemendaráðs í fræðslunefnd

Tillaga frá fræðslunefnd Tálknafjarðarhrepps um að orðið verði við ósk nemendaráðs Tálknafjarðarskóla um áheyrnarfulltrúa í fræðslunefndinni.

Mál frá 12. fundi fræðslunefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 13.09.2023.

5. 2309038 - Westside, skemmtun allra framhalds- og menntaskóla á Vesturlandi og sunnanverðum Vestfjörðum

Erindi frá Nemendafélags Fjölbautaskóla Snæfellinga dags. 11.09.2023 þar sem óskað er eftir styrk vegna Westside, sem er skemmtun allra framhalds- og menntaskóla á Vesturlandi og sunnanverðum Vestfjörðum.



Fundargerðir til staðfestingar

6. 2309003F - Fræðslunefnd - 12

Fundargerð 12. fundar fræðslunefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 12.09.2023.

- 6.1 2309037 - Áheyrnarfulltrúi nemendaráðs í fræðslunefnd
- 6.2 2308028 - Fundadagatal 2023-2024
- 6.3 2309035 - Upplýsingagjöf skólastjóra skólaárið 2023-2024

7. 2309004F - Atvinnu- og hafnarnefnd - 43

Fundargerð 43. fundar atvinnu- og hafnarnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 13.09.2023.

- 7.1 2309040 - Gjaldskrá Tálknafjarðarhafnar 2024
- 7.2 2308028 - Fundadagatal 2023-2024
- 7.3 2304041 - Framkvæmdir við rafmagn á höfn
- 7.4 2309014 - Tilmæli vegna samkeppnisaðstæðna á flutningamarkaði
- 7.5 2301004 - Upplýsingagjöf hafnarstjóra 2023
- 7.6 2301083 - Fundargerðir 2023 og ársreikningur 2022 Hafnasamband

8. 2309005F - Skipulagsnefnd - 12

Fundargerð 12. fundar skipulagsnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 19.09.2023.

- 8.1 2308039 - Dunhagi, framlenging á þaki
- 8.2 2110138 - Deiliskipulag, stofnana- og íþróttasvæði
- 8.3 2309080 - Lóð Tálknafjarðarskóla
- 8.4 1809041 - Aðalskipulag Endurskoðun 2019-2031
- 8.5 2309042 - Skipulagsgátt

Mál til kynningar

9. 2309052 - Sorphirða við Eysteinseyri

Eirindi vegna sorphirðu við Eysteinseyri dags. 08.09.2023.

10. 2308028 - Fundadagatal 2023-2024

Fundardagatal nefnda á vegum Tálknafjarðarhrepps 2023-2024 eftir umfjöllun á 11. fundi skipulagsnefndar sem fór fram 15.08.2023, 10. fundi umhverfis- og byggingarnefndar sem fór fram 16.08.2023, 11. fundi íþrótt-, menningar og æskulýðsnefndar sem fór fram 05.09.2023, 43. fundi atvinnu og hafnarnefndar sem fór fram 13.09.2023 og 12. fundi fræðslunefndar sem fór fram 13.09.2023.

11. 2308027 - Lántaka 2023

Undirritaður lánasamningur Tálknafjarðarhrepps við Lánasjóð sveitarfélaga nr. 2308-37.



12. 2309032 - Aðgengismál fatlaðs fólks 2023-2024

Erindi frá Innviðaráðuneytinu dags. 05.09.2023 þar sem gert er grein fyrir því að Innviðaráðherra hefur samþykkt breytingu á reglugerð 280/2021 um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem heimilar sjóðnum að úthluta allt að 415 m.kr. til úrbóta á aðgengismálum fatlaðs fólks á árunum 2023 og 2024. Átaksverkefninu var ýtt úr vör vorið 2021 og hefur nú verið framlengt til ársloka 2024. Fram kemur að til Vestfjarða eru kr. 19.286.765,- til úthlutunar til verkefna sem skulu að helmingi fjármögnuð af sveitarfélögum.

13. 2309028 - Málstefna sveitarfélaga

Erindi frá Innviðaráðuneytinu dags. 05.09.2023 þar sem minnt er á 130. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 sem fjallar um málstefnu sveitarfélaga.

14. 2309074 - Skógarreitir og græn svæði innan byggðar

Erindi frá Skógræktarfélagi Íslands dags. 13.09.2023 þar sem komið er á framfæri ályktun varðandi skógarreiti og græn svæði innan byggðar, sem var samþykkt á aðalfundi félagsins sem var haldinn á Patreksfirði 01.09.2023-03.09.2023.

15. 2309077 - Starfsemi Stígamóta 2024

Erindi frá Stígamótum dags. 30.08.2023 varðandi starfsemi ársins 2024.

16. 2309050 - Tilkynning um aflúsun

Erindi frá Arnarlaxi dags. 11.09.2023 þar sem tilkynnt er um aflúsun í eldisstöð fyrirtækisins við Laugardal í Tálknafirði í 37. og 38. viku ársins 2023.

Fundargerðir til kynningar

17. 2302046 - Samstarfsnefnd vegna sameiningarviðræðna Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar

Fundargerð 11. fundar samstarfsnefndar vegna sameiningaviðræðna Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar sem fór fram 06.09.2023.

18. 2302017 - Fundargerðir Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða 2023

Fundargerð 144. fundarar Heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis sem fór fram 07.09.2023 ásamt drögum að fjárhagsáæltun 2024 og gjaldskrá 2024.

19. 2301063 - Fundargerðir stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 2023

Fundargerðir stjórnarfundar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 932 sem fór fram 08.09.2023 og nr. 933 sem fór fram 18.09.2023.



Tálknafjörður

Strandgata 38, 460 Tálknafirði, kt. 640269-6779, Sími 450-2500. Bréfsími 456-2589

22.09.2023

Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri.